

# Úthlutunarreglur Atvinnumálasjóðs Fljótsdalshéraðs

## 1.gr

Tilgangur styrkjanna er að efla almenna atvinnusköpun og fjölgun starfa í sveitarfélaginu.

## 2.gr

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, og ýmis sérverkefni á vegum sveitafélagsins.

## 3.gr

Atvinnumálanefnd leggur áherslu á að verkefni sem styrkt verða uppfylli eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Verkefni sem efla nýsköpun og þróun í atvinnulífinu.
- Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.
- Verkefni sem styðja við menningar- og íþróttatengda ferðaþjónustu.
- Verkefni sem laðað gæti að fjárfestingar í atvinnulífi sveitarfélagsins.

## 4.gr

Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fjárhagslega framtíð verkefnisins og getur styrkur Atvinnumálasjóðs aldrei verið meiri en sem nemur 30% af heildarfjármögnun verkefnisins.

## 5.gr

Með umsókninni verður að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu og með umsóknum um styrki yfir 250.000 skal einnig fylgja með verkáætlun með tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), markmiðslýsing og upplýsingar um aðstandendur. Krafast er stjórnunarlegra áhrifa í fyrirtækjum sem sjóðurinn leggur til 5.000.000 eða meira í hlutafé.

## 6.gr

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

## 7.gr

Atvinnumálanefnd og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu styrks, lokaskýrslu og eftirfylgni. Ónýttar styrkveitingar renna út að 3 mánuðum liðnum frá afgreiðslu styrks og þarf umsækjandi að endurnýja umsókn með skriflegu erindi til atvinnumálafulltrúa innan 6 mánaða, að öðrum kosti þarf að senda inn nýja formlega umsókn ásamt gögnum.

## 8.gr

Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins. Að öðru leyti ber styrkþega að veita atvinnumálanefnd upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

## 9.gr

Umsóknir þurfa að vera á þar til gerðum eyðublöðum og pósthimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.

### **10.gr**

Við meðhöndlun umsókna skulu nefndarmenn vinna samkvæmt siðareglum sjóðsins og virða hæfisreglur samkv. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktir um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Staðfest í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 22. júní 2011